

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnuvernd barna og unglinga

I.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bandalags háskólanna um frv. til laga um breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum en málið varðar aðlögun að EES-reglum (þ.e. tilskipun ESB) um vinnuvernd barna og unglinga.

II. Stefna Bandalags háskólanna

Bandalagi háskólanna var ekki boðið að tilnefna fulltrúa í nefnd félagsmálaráðherra til að undirbúa samningu frumvarps þessa eins og öðrum *aðilum vinnumarkaðarins*. Þess vegna var bandalaginu ekki gert kleift að koma sínum sjónarmiðum að á fyrri stigum þessa máls. Það hefði getað haft áhrif á efni frumvarpsins og sniðið af því verstu gallanna. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera grein fyrir grundvallarstefnumiðum bandalagsins.

Stefna Bandalags háskólanna í vinnuverndarmálum er skilgreind í stefnuskrá bandalagsins. Þar er m.a. lögð áhersla á að:

- Unnið sé að því að starfsmönnum sé búin heilsusamleg vinnuaðstaða.
- Lágmarkslöggjöf tryggi launamönnum öryggi að þessu leyti.

Þessi stefnuskrátriði bandalagsins víkja ekki sérstaklega að vinnuvernd barna og unglinga. Þrátt fyrir það er það sameiginleg stefna allra aðildarfélaga bandalagsins að tryggja beri börnum og unglिंगum á Íslandi nauðsynlega og sambærilega vinnuvernd og gerist meðal nágrannaþjóðanna. Þannig hefur bandalagið lýst yfir stuðningi við fullgildingu á alþjóðlegum sáttmálum og samningum sem þetta varðar, s.s.:

1. Samþykkt Alþjóðavinnuáráðs nr. 138 um lágmarksaldur til vinnu.
2. Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og tillögur og yfirlýsingar til að ná árangri í þessum efnum.
3. Félagsmálasáttmála Evrópu.
4. Tilskipun ESB um vinnuvernd barna og unglinga.

III. Helstu atriði frumvarpsins

- * Bannað verði að ráða börn til vinnu nema í undantekningartilvikum.
- * Heimilt verði að ráða börn eldri en 13 ára til léttari vinnu og í tengslum við námsfyrirkomulag.
- * Heimilt verði að ráða unglunga til vinnu.
- * Settar verði skýrar reglur um vinnu- og vildartíma barna og unglunga.
- * Kveðið verði á um skyldur atvinnurekenda að tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglunga sem hjá þeim starfa.

IV. Afstaða Bandalags háskólamanna til frumvarpsins


Bandalag háskólamanna mælir eindregið með því að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem tryggi börnum og unglungum þá vernd sem ofangreindar alþjóðlegar samþykktir fela í sér og við höfum skuldbundið okkur til að framfylgja.

Bandalag háskólamanna varar við þeirri aðferð sem felst í frumvarpi þessu hvað varðar börnin. Hér er ekki valin sú leið að banna almennt vinnu barna eins og tilskipunin gerir ráð fyrir. Lagagreinin hefst á *“Börn má ekki ráða til vinnu nema ...”* Síðan er gert ráð fyrir viðtækum möguleikum til að ráða börn áfram til starfa á Íslandi. Sérstök ástæða er til að vara við c. lið 2. gr. frumvarpsins í þessu sambandi. Efni 5., 6. og 7. gr. bera einnig með sér að gert er ráð fyrir að leggja megi allt að því eins langan vinnudag á börnin eins og fullfríska fullorðna launamenn, sbr. tilskipun ESB 93/104/ESB um skipulag vinnutíma. Nýleg skýrsla um stöðu grunnskólabarna í alþjóðlegum samanburði bendir til að íslensk grunnskólabörn séu með ámóta slakan námsárangur og í þróunarlöndunum, þar sem virðing grunnskólans og menntunar er lítil og mikil vinnukvöð og ábyrgð er lögð á herðar barna á viðkvæmu þroskaskeiði.

Bandalag háskólamanna varar einnig við þeirri aðferð sem felst í frumvarpi þessu hvað varðar unglungana. Almennt er heimilt skv. frumvarpinu að ráða unglunga til vinnu. Hér er áreiðanlega ekki valin sú leið sem tilskipunin gerir ráð fyrir, enda er vinna barna og unglunga víðast hvar óþekkt í aðildarríkjum ESB. E.t.v. hefði verið nær lagi að banna algerlega vinnu barna en að heimila vinnu unglunga með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins. En frumvarpshöfundar eru á annarri vegferð. Þeir gera ráð fyrir að unglunga megi hafa undir nær því eins miklu vinnuálagi og fullorðna. Efni 4. gr. sýnir aðeins hve fjarri hugmyndafræði frumvarpsins er tilskipun ESB. Vinnudagur unglunga getur ekki aðeins verið langur og lágmarkshvöld lítil heldur er jafnvel gert ráð fyrir að unglingar séu *næturvinnustarfsmenn*, sbr. lokamálsgrein 6. gr. frumvarpsins.

Bandalag háskólamanna hvetur Alþingi til að breyta þessu frumvarpi í þá veru að banna vinnu barna og banna eða takmarka vinnu unglunga aðra en starfsnám að 18 ára aldri. Tryggja verður jafnframt fjármögnun á skólagöngu barna og unglunga, ekki síst þeirra sem sækja verða skóla fjarri heimili framfæranda.

Reykjavík, 25. nóvember 1996


Martha Ásdís Hjálmarasdóttir, formaður